



ICEGLYS

Ársuppgjör 2024

María Björk Einarsdóttir og Óskar Hauksson

18. febrúar 2025



Rekstur



4F - Sterkasti ársfjórðungur ársins

Afkoma samstæðunnar á fjórðungnum var góð og byggir niðurstaðan einkum á fjölgun í sjónvarpsáskriftum, sterkri auglýsingasölu og lækkandi brottfalli í fjarskiptum

- Talsverð fjölgun var í farsímaáskriftum en reikitekjur voru nánast óbreyttar á milli ára
- Áskrifendur af Premium voru rétt tæplega 50 þúsund í árslok og hafa aldrei verið fleiri, en tekjuaukning af Premium var 10% á milli ára
- Fjölgun í internetáskriftum er hægari en í farsíma og sjónvarpi, en brottfall hefur farið lækkandi í kjölfar aukinnar áherslu á gagnadrifna nálgun í þjónustu sem hafa miðað að því að fyrirbyggja brottfall
- Auglýsingatekjur án Billboard aukast um tæp 12% frá árinu áður

Fjármagnstekjur voru óbreyttar á milli ára en fjármagnsgjöld jukust um 200 m.kr. vegna aukinnar skuldsetningar sem tengist yfirtökum á Billboard og Noona Iceland, auk þess sem niðurfærslur útlána aukast

Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta jókst um 45% á milli ára og nemur rúmum 2,1 ma.kr.





Rekstrarreikningur 4F

	4F			
	2024	2023	Breyting	%
Sala	7.291	6.468	823	12,7%
Kostnaðarverð sölu	(4.455)	(4.119)	(336)	8,2%
Framlegð	2.836	2.349	487	20,7%
Aðrar rekstrartekjur	140	191	(51)	-26,7%
Rekstrarkostnaður	(2.032)	(1.906)	(126)	6,6%
Rekstrarhagnaður (EBIT)	944	634	310	48,9%
Fjármunatekjur	195	195	0	0,0%
Fjármagnsgjöld	(489)	(287)	(202)	70,4%
Gengismunur	(12)	(28)	16	-57,1%
Hrein fjármagnsgjöld	(306)	(120)	(186)	155,0%
Hagnaður fyrir tekjuskatt	638	514	124	24,1%
Tekjuskattur	(121)	(100)	(21)	21,0%
Hagnaður	517	414	103	24,9%
EBITDA	2.071	1.614	457	28,3%
Hagnaður á hlut	0,20	0,15	0,05	33,3%

Heildartekjur námu 7.431 m.kr. og jukust um rúmar 770 m.kr. frá fyrra ári

- Þar munar mestu um 547 m.kr. vegna tekna af Billboard sem varð hluti af samstæðunni í byrjun annars ársfjórðungs
- Tekjur af kjarnavörum Símans jukust um 297 m.kr. eða 5,3% en tekjur af talsímabjónustu halda áfram að dragast saman og lækkuðu um 30 m.kr. frá fyrra ári

Kostnaðarverð sölu jókst um 336 m.kr. frá fyrra ári

- Kostnaður vegna Billboard skýrir um 250 m.kr. af aukningunni og kostnaðarhækkunar frá innviðabirgjum voru um 70 m.kr en sá kostnaður er verðtryggður að miklu leyti

Rekstrarkostnaður jókst um 126 m.kr. frá fyrra ári

- Rekstrarkostnaður Billboard var um 190 m.kr.

Hrein fjármagnsgjöld jukust um 186 m.kr. frá fyrra ári

- Fjármunatekjur standa í stað hjá samstæðunni en vaxtatekjur af útlánnum Símans Pay jukust um 28 m.kr. og námu 135 m.kr. á 4F 2024
- Fjármagnsgjöld jukust um rúmar 202 m.kr. þar sem Síminn hefur aukið skuldsetningu í tengslum við yfirtökur



2024 - Tímabil vaxtar er hafið

Afkoma félagsins var góð á árinu og nam EBIT rekstrarhagnaður 2.875 m.kr. og hagnaður var 1.381 m.kr.

- Billboard kom inn í reksturinn í byrjun 2F og skilaði rúmlega 1,3 ma.kr. í tekjur og tæplega 600 m.kr. í EBIT. Tekjur Billboard jukust um 17% frá árinu 2023.
- Tekjur samstæðu án Billboard jukust um tæp 3%, EBITDA um rúm 2% og EBIT um tæp 14%
- Vel gekk að hafa stjórn á kostnaði en viðvarandi há verðbólga hefur óhjákvæmilega haft neikvæð áhrif á reksturinn. Stærstu kostnaðarliðir félagsins eru tengdir innviðabirgjum og eru þeir samningar að miklu leyti verðtryggðir.
- Talsverðar breytingar urðu á framkvæmdastjórn og skipulagi árið 2024. Í heildina kostuðu breytingarnar 215 m.kr.

Eftir áralangt tímabil sem einkenndist af eignasölu, einföldun og hagræðingu í rekstri, tók félagið skref til ytri vaxtar með kaupum á Billboard, Noona Iceland og lánasafni Valitor

Á haustmánuðum urðu forstjóráskipti og í kjölfarið voru gerðar breytingar á stefnu og skipulagi félagsins, til að styðja við áframhaldandi vöxt og fjölgun tekjustrauma

Gagnadrifin og viðskiptavinamiðuð nálgun í sölu, þjónustu, markaðssetningu og vörupróun samhliða metnaðarfullri stafrænni umbreytingu styður við markmið félagsins um arðbæran rekstur, ánægða viðskiptavini og stolt starfsfólk





Rekstrarreikningur 2024

	12M			
	2024	2023	Breyting	%
Sala	27.189	25.067	2.122	8,5%
Kostnaðarverð sölu	(17.328)	(16.497)	(831)	5,0%
Framlegð	9.861	8.570	1.291	15,1%
Aðrar rekstrartekjur	643	674	(31)	-4,6%
Rekstrarkostnaður	(7.629)	(7.165)	(464)	6,5%
Rekstrarhagnaður (EBIT)	2.875	2.079	796	38,3%
Fjármunatekjur	734	740	(6)	-0,8%
Fjármagnsgjöld	(1.841)	(1.102)	(739)	67,1%
Gengismunur	(6)	(30)	24	-80,0%
Hrein fjármagnsgjöld	(1.113)	(392)	(721)	183,9%
Hagnaður fyrir tekjuskatt	1.762	1.687	75	4,4%
Tekjuskattur	(381)	(341)	(40)	11,7%
Hagnaður	1.381	1.346	35	2,6%
EBITDA	7.147	6.150	997	16,2%
Hagnaður á hlut	0,54	0,46	0,08	17,4%

Heildartekjur námu 27.832 m.kr. og jukust um tæplega 2,1 ma.kr. frá fyrra ári

- Þar munar mestu um 1.328 m.kr. vegna tekna af Billboard sem varð hluti af samstæðunni í byrjun annars ársfjórðungs
- Tekjur af kjarnavörum Símans jukust um 1.151 m.kr. eða 5,3% en tekjur af talsímabjónustu halda áfram að dragast saman og lækkuðu um 370 m.kr. frá fyrra ári

Kostnaðarverð sölu jókst um 831 m.kr. frá fyrra ári

- Kostnaður vegna Billboard skýrir um 630 m.kr. af aukningunni og kostnaðarhækkunar frá innviðabirgjum voru um 270 m.kr en sá kostnaður er verðtryggður að miklu leyti

Rekstrarkostnaður jókst um 464 m.kr. frá fyrra ári

- Þar af var um 215 m.kr. kostnaður við skipulagsbreytingar og forstjóraskipti en 240 m.kr. vegna Billboard

EBITDA nam 7.147 m.kr. og EBIT 2.875 m.kr.

- Útgefin afkomuspá fyrir EBITDA var 7,0 – 7,3 ma.kr. og EBIT 2,7 – 3,0 ma.kr.
- Um 150 m.kr. af kostnaði vegna skipulagsbreytinga og 80 m.kr. afskrift óefnislegra eigna féllu til eftir að spáin var gefin út og voru því ekki þekktar áður en spáin var birt.


Hrein fjármagnsgjöld jukust um 721 m.kr. frá fyrra ári

- Fjármunatekjur standa nánast í stað hjá samstæðunni en vaxtatekjur af útlánum Símans Pay jukust um 150 m.kr. og námu tæplega 500 m.kr. árið 2024
- Fjármunatekjur hjá Símanum drógust saman um rúmar 160 m.kr. en vaxtatekjur voru óvenjuhár hjá Símanum á fyrsta ársfjórðungi 2023 þegar hluti af söluandvirði Mílu var í handbæru fé
- Fjármagnsgjöld jukust um 739 m.kr. vegna aukinnar skuldsetningar í tengslum við yfirtökur auk þess sem grunnvextir voru að meðaltali hærri árið 2024 en 2023


Lykiltölur úr rekstri




Rekstrartekjur




EBITDA



Hagnaður




EBIT




Tekjur eftir starfspáttum

Starfspættir	4F			
	2024	2023	Breyting	%
Farsími	1.743	1.656	87	5,3%
Gagnaflutningur	2.064	1.976	88	4,5%
Sjónvarpsþjónusta	2.096	1.974	122	6,2%
Vörusala	547	523	24	4,6%
Annað	981	530	451	85,1%
Samtals	7.431	6.659	772	11,6%







Starfspættir	12M			
	2024	2023	Breyting	%
Farsími	6.858	6.510	348	5,3%
Gagnaflutningur	8.277	7.939	338	4,3%
Sjónvarpsþjónusta	7.905	7.440	465	6,3%
Vörusala	1.734	1.784	-50	-2,8%
Annað	3.058	2.068	990	47,9%
Samtals	27.832	25.741	2.091	8,1%



Farsími: Farsímaþjónusta hvort sem er hefðbundin GSM þjónusta, gervihnattaþjónusta eða önnur farsímaþjónusta. **Gagnaflutningur:** Gagnaflutningsþjónusta, þ.m.t. xDSL þjónusta, GPON, Internet, IP net, heimtaugar og aðgangsnét. **Sjónvarp:** Dreifing á sjónvarpsefni, áskrift, notkun og auglýsingar á miðlum félagsins. **Vörusala búnaðar:** Sala á fjarskiptabúnaði og fylgihlutum. **Annað:** Tekjur tengdar fjarskiptum, talsímaþjónustu, upplýsingatækni og fjármálum. Tekjur Billboard falla hér undir.

Tekjur eftir starfspáttum



Farsími

- Aukning í fjölda og tekjum á árinu
- Reikitekjur sambærilegar á milli ára

Gagnaflutningur

- Lítilsháttar aukning í fjölda á seinni helmingi árs eftir talsvert brottfall í ársbyrjun

Sjónvarpsþjónusta


- Góður tekjuvöxtur og áskrifendur með Premium hafa aldrei verið fleiri en í árslok 2024
- Sterk auglýsingasala á árinu

Aðrir starfspættir


- Samdráttur í vörusölu milli ára
- Talsverður tekjusamdráttur í talsíma enda var koparinn lagur niður árið 2024. Varan lifir þó áfram í nýrri mynd.
- Billboard fellur hér undir árið 2024 en auglýsingamiðlun verður birt sem sérstakur starfspáttur frá og með 1F 2025

Fjártækni

Staða útlána Símans Pay í lok ársfjórðungs



Vaxtatekjur Símans Pay



Útlán

- Útlán Símans Pay í gegnum vörurnar Léttkort og Léttkaup jukust um tæplega hálfan milljarð árið 2024 og varð aukningin einkum á síðari helmingi ársins
- Samkeppniseftirlitið hefur samþykkt kaup Símans Pay á lánasafni Valitor og munu kaupin ganga í gegn í lok febrúar
- Við kaupin á lánasafninu munu útlán Símans Pay fara yfir 5 ma.kr.

Fyrirtækjakortið

- Þróun á fyrirtækjakorti Símans Pay heldur áfram og hafa viðtökur verið góðar
- Um 100 fyrirtæki nota nú lausnina með góðum árangri og stöðugt bætast fleiri við


Noona Iceland

- Noona Iceland varð hluti af samstæðunni í desember 2024 og verður rekið samhliða Símanum Pay
- Bókunar- og afgreiðslulausnir eru þar með orðinn hluti af fjölbreyttu vöruframboði Símans í fjártækni



Noona Iceland

- Kaupum Símans á innlendum rekstri Noona og SalesCloud lauk í desember 2024 þegar samþykki Samkeppniseftirlitsins lá fyrir
- Hið keypta félag, Noona Iceland ehf. verður rekið samhliða Símanum Pay og rekstur og lausnir félaganna samþættar þar sem við á
- Noona er stærsta tímabókunarkerfi landsins, með um 1.000 fyrirtæki í viðskiptum og 120.000 skráða notendur, en þar af eru 75.000 virkir notendur í hverjum mánuði
- Afgreiðslulausnir SalesCloud henta mjög vel fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki og eru sjálfsafgreiðslulausnirnar í sérflokkum hér á landi
- Noona appið fékk Meðmælingu Maskínu árið 2024 í flokki vefþjónustuaðila og hlaut verðlaun á UT Messu 2025 í flokki Stafrænnar almennrar þjónustu
- Þá hlaut Noona tilnefningu sem besta íslenska vörumerkið í flokki fyrirtækjamarkaðar hjá vörumerkjastofunni Brandr






**Efnahagur og
sjóðstreymi**

Efnahagsreikningur

	31.12.2024	31.12.2023	Breyting	%
Rekstrarfjármunir	3.543	2.552	991	39%
Leigueignir	1.844	732	1.112	152%
Óefnislegar eignir	26.243	21.047	5.196	25%
Aðrar eignir	638	431	207	48%
Fastafjármunir	32.268	24.762	7.506	30%
Birgðir	1.339	1.257	82	7%
Viðskiptakröfur	2.503	2.279	224	10%
Útlán	3.204	2.715	489	18%
Aðrar skammtímakröfur	1.033	966	67	7%
Handbært fé	835	1.810	(975)	-54%
Veltufjármunir	8.914	9.027	(113)	-1%
Eignir samtals	41.182	33.789	7.393	22%
Eigið fé	18.116	17.600	516	3%
Eigið fé	18.116	17.600	516	3%
Vaxtaberandi skuldir	12.733	7.470	5.263	70%
Leiguskuldbindingar	1.571	503	1.068	212%
Tekjuskattsskuldbinding	686	232	454	196%
Langtímaskuldir	14.990	8.205	6.785	83%
Vaxtaberandi skuldir	2.084	2.281	(197)	-9%
Viðskiptaskuldir	3.760	4.261	(501)	-12%
Næsta árs afborganir	780	276	504	183%
Aðrar skammtímaskuldir	1.452	1.166	286	25%
Skammtímaskuldir	8.076	7.984	92	1%
Eigið fé og skuldir samtals	41.182	33.789	7.393	22%


- Aukning í rekstrarfjármunum og leigueignum er einkum vegna kaupanna á Billboard
- Viðskiptavild og aðrar óefnislegar eignir vegna kaupanna á Billboard og Noona hækka óefnislegar eignir um 6 ma.kr. en á móti lækkuðu sýningarréttir um 1,1 ma.kr. á árinu og aðrir óefnislegir liðir hækkuðu um 280 m.kr.
- Ný lántaka á árinu nam um 6 ma.kr., þar af voru 4,5 ma.kr. í bankalánnum og 1,5 ma.kr. í formi skuldabréfs
- Vixlar voru gefnir út fjórum sinnum á árinu og var vaxtaálag í kringum 30 bps. Útgefnið vixlar Símans námu 2,2 ma.kr. að nafnvirði í árslok.
- Hluti af kaupverði Billboard var greiddur með eigin bréfum að andvirði 1 ma.kr. á 1F 2024



Sjóðstreymi

	2024	2023
Rekstrarhagnaður ársins	2.875	2.079
Afskriftir	4.272	4.071
Liðir sem hafa ekki áhrif á sjóðstreymi	57	30
Samtals rekstrarhreyfingar	7.204	6.180
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	(244)	(568)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	6.960	5.612
Innborgaðir vextir	742	758
Greiddir vextir	(1.612)	(947)
Greiddir skattar	(289)	(570)
Handbært fé frá rekstri	5.801	4.853
Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum	(3.673)	(3.671)
Útlán Símanum Pay	(597)	(1.272)
Kaup á dótturfélögum að frádregnu handbæru fé	(5.352)	0
Sala á verðbréfi	0	15.685
Fjárfestingarhreyfingar	(9.622)	10.742
Greiddur arður	(499)	(499)
Kaup eigin bréfa	(1.424)	(2.976)
Útgreitt hlutafé	0	(15.580)
Afborganir leiguskuldbindingar	(362)	(265)
Nettó breyting á lánum	5.136	1.852
Fjármögnunarhreyfingar	2.851	(17.468)
Breytingar á handbæru fé	(970)	(1.873)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(5)	(38)
Handbært fé í byrjun ársins	1.810	3.721
Handbært fé í lok ársins	835	1.810


- Handbært fé frá rekstri var 5,8 ma.kr. og jókst um tæpan milljarð frá fyrra ári þrátt fyrir að vaxtagreiðslur hafi aukist um 665 m.kr.
- Fjárfestingar standa því sem næst í stað á milli ára en ef kostnaður vegna tíðnileyfa er undanskilinn þá eru fjárfestingar að lækka um 204 m.kr.
 - Fyrirséð er að fjárfestingar muni lækka umtalsvert þegar sýningarrétturinn á enska boltanum færist frá Símanum seinna á þessu ári.
- Útlánaaukning Símanum Pay nam 597 m.kr. á árinu samanborið við 1.272 m.kr. árið 2023
- Endurkaup og arðgreiðslur námu alls 1.923 m.kr. sem er 1,4 sinnum hagnaður ársins 2023 en markmið félagsins er að skila að lágmarki 50% af hagnaði til hluthafa í formi arðs og/eða endurkaupa





Fjárfestingar

Fjárfestingar




- Fjárfestingar lækka um 204 m.kr. á milli ára og eru um miðbik útgefinnar spár sem var 3.300 – 3.600 m.kr.
 - Fjárfesting í sýningarréttum lækkar um 490 m.kr. á milli ára sem skýrist að miklu leyti af því hvernig fjárfesting í sýningarrétti á enska boltanum fellur til yfir samningstímabilið, sem hófst árið 2022 og lýkur nú í vor
 - Fjárfestingar í tæknilegum innviðum þ.m.t. endabúnaði (myndlyklar, beinar) aukast um 284 m.kr. eða 18% á milli ára. Um 90 m.kr. af þessari aukningu er vegna fjárfestinga hjá Billboard.
 - Síminn Pay fjárfesti í fjártækninýjungum með áherslu á fyrirtækjakort fyrir 140 m.kr. sem er aukning um 40 m.kr á milli ára eða ríflega 40%
- Spá fyrir árið 2025 gerir ráð fyrir frekari lækkun fjárfestinga, eða á bilinu 400 – 700 m.kr., einkum vegna sýningarréttarins á enska boltanum


Fjárfestingar – Innviðir og sýningarréttir



Þróun 2020 - 2024



Fjárfestingar í innviðum





Um starfsemina





Stærsta ár Sjónvarps Símans Premium frá upphafi

- Í lok árs 2024 var metfjöldi áskrifenda með Sjónvarp Símans Premium
- Síminn frumsýndi flestar innlendar leiknar þáttaraðir allra á árinu. IceGuys slógu áhorfsmet í 4F í sinni annarri þáttaröð og sú þriðja verður sýnd á árinu 2025
- Þættirnir Lubbi finnur málbein voru þó með flestar spilanir, enda rík eftirspurn eftir fræðandi og vönduðu innlendu barnaefni
- Árið 2025 verður stærsta sjónvarpsár Sjónvarps Símans Premium frá upphafi, en fimm nýjar innlendar leiknar þáttaraðir verða frumsýndar á árinu
- Einnig verða þrjár nýjar þáttaraðir í flokki barnaefnis frumsýndar á árinu
- Samstarf Símans við HSÍ, KSÍ og Livey gengur vel. Aldrei hafa verið fleiri beinar útsendingar frá efstu deildum handbolta á Íslandi.



Ný stefna Símans

Stafrænt samfélag sem auðgar lífið



Sterkur grunnrekstur

Áfram verður lögð rík áhersla á skynsemi og hagkvæmni í rekstri

Sterkt sjóðstreymi og fyrirsjáanleiki í fjárfestingum

Virði skilað til hluthafa í gegnum arðgreiðslur og endurkaup

Arðbær rekstur

Vöxtur og nýir tekjustraumar

Stóraukin áhersla innan Símans á vöru- og viðskiptapróun jafnt á einstaklingsmarkaði og fyrirtækjamarkaði

Stjórnendur munu skoða frekari tækifæri til ytri vaxtar með hliðsjón af stefnu félagsins

Þrjár tekjustoðir félagsins eru **fjarskipti og tækni, stafræn miðlun og fjártækni**

Stolt starfsfólk

Framúrskarandi upplifun

Síminn er stafrænt þjónustufyrirtæki sem skapar verðmætar tengingar fyrir fólk og fyrirtæki á hinum ýmsu sviðum dagsleg lífs


Metnaðarfull stafræn umbreyting styður við samþættingu lausna sem skapar heilðræna upplifun viðskiptavina og hagræði í rekstri

Viðskiptavinamiðuð og gagnadrifin nálgun í sölu, þjónustu, markaðssetningu og vöruþróun


Ánægðir viðskiptavinir



Fyrra skipurit Símans hf.



Nýtt skipurit Símans hf.






Hluthafar




Hluthafar

Verðþróun síðustu 12 mánuði



Hluthafar 17.2.2025	Fjöldi hluta	Eignahlutur
Stoðir hf.	461.194.170	17,40%
Brú Lífeyrissjóður starfs sveit	274.877.095	10,37%
Lífeyrissj.starfsm.rík. A-deild	258.771.439	9,76%
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	173.922.187	6,56%
Gildi - lífeyrissjóður	149.446.085	5,64%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	88.830.504	3,35%
Birta lífeyrissjóður	86.438.951	3,26%
Stefnir - Innlend hlutabréf hs.	78.205.439	2,95%
Brú R deild	71.407.033	2,69%
Lífeyrissj.starfsm.rík. B-deild	60.306.152	2,28%
10 stærstu hluthafar	1.703.399.055	64,28%
Aðrir hluthafar	759.428.483	28,66%
Samtals útistandandi hlutir	2.462.827.538	92,94%
Eigin bréf	187.172.462	7,06%
Heildarhlutafé	2.650.000.000	100,00%



Hluthafar

- Hluthafar voru 931 í árslok 2024
- Greiddur var 500 m.kr. arður 5. apríl 2024
- Hlutafé var lækkað 27. mars 2024 um 125.000.000 eigin hluti og er hlutafé í félaginu 2.650.000.000
- Síminn greiddi hluta kaupverðs Billboard með eigin bréfum í Símanum, eða samtals 101.153.146 hluti
- Endurkaup árið 2024 námu 1.424 m.kr.
- Endurkaupum lauk fyrr í mánuðinum og á Síminn í dag 187.172.462 hluti sem nemur 7,06% af útgefnu hlutafé
- Hlutabréf Símans hækkuðu um 35,7% á árinu 2024, en frá áramótum hefur gengi hlutabréfa hækkað um 3,3%
- Hagnaður á hlut var 0,54 árið 2024 og hækkar um 17% frá fyrra ári



Horfur 2025




Afkomuspá fyrir árið 2025

- Rekstur samstæðu Símans fer vel af stað á árinu 2025 og horfur fyrir árið eru almennt góðar
 - Breytingar verða í rekstri félagsins í vor þegar samningur um sýningarrétt á enska boltanum líður undir lok
 - Ákveðin óvissa skapast við þessa breytingu en áætlanir gera ráð fyrir jákvæðum áhrifum á sjóðstreymi og EBIT, en neikvæðum áhrifum á EBITDA
 - Sýningarrétturinn er eignfærður og áætlun þessa árs gerir ráð fyrir að lækkun afskrifta verði meiri en möguleg neikvæð tekjuáhrif
- Almennur rekstrarkostnaður mun áfram litast af verðbólguáhrifum en þar fyrir utan er þróun næstu missera nokkuð fyrir séð
- Rekstur Noona Iceland kemur inn frá byrjun árs og keypt lánasafn í byrjun mars
- Fjárfestingar lækka talsvert frá 2024 vegna minni fjárfestinga í sýningarréttum

EBITDA	7,0 – 7,4 ma.kr.
EBIT	3,6 – 4,0 ma.kr.*
Fjárfestingar	2,8 – 3,1 ma.kr.

* EBIT spá er án áhrifa afskrifta á óefnislegum eignum vegna kaupa á félögum



Fyrirvari

Síminn vekur athygli á því að upplýsingar í þessari kynningu byggja á heimildum sem félagið telur áreiðanlegar á hverjum tíma og staðhæfingar sem finna má í kynningunni kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna við kynningu. Staðhæfingar sem finna má í þessari kynningu gilda eingöngu á því tímamarki þegar kynningin er birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.

Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í kynningunni. Kynningin verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar. Kynningin er eingöngu hugsuð til upplýsingagjafar en ekki ætluð sem hluti af eða grundvöllur ákvarðanatöku þeirra aðila sem fá hana í hendur. Viðtakendur eiga því ekki að nokkru leyti að túlka innihald kynningarinnar sem loforð eða leiðbeiningar.

Sérhver yfirlýsing í kynningu þessari sem vísar til framtíðaráætlunar eða framtíðarárangurs er einungis spá um framtíðarhorfur félagsins, byggð á núverandi þróun, fyrirliggjandi upplýsingum og áætlunum. Framtíðarhorfur félagsins eru háðar fjölda áhættu- og óvissuþátta sem getur þýtt að raunverulegur árangur verði umtalsvert frábrugðinn því sem spáð er í þessari kynningu. Þar má nefna ytri þætti á borð við breytingar á efnahagsumhverfi, framboð á fjármagni og áhrif eftirlitsaðila.

Með móttöku þessarar kynningar staðfestir viðkomandi að hann sé bundinn af framangreindum fyrirvörum og takmörkunum.